

Bæjarstjórn - 404

FUNDARBOÐ

404. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 25. nóvember 2021 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2111004F - Bæjarráð - 633**
Lögð fram 633. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2111003F - Skóla- og fræðslunefnd - 187**
Lögð fram 187. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2111001F - Ungmennaráð - 18**
Lögð fram 18. fundargerð ungmennaráðs.
- 4. 2110001F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 17**
Lögð fram 17. fundargerð afgreiðslufunda byggingarfulltrúa.
- 5. 2111002F - Skipulags- og bygginganefnd - 255**
Lögð fram 255. fundargerð skipulags- og bygginganefndar.

Erindi til kynningar

- 6. 2102003 - Fundargerðir 2021 - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 902. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var föstudaginn 29. október sl.
- 7. 2006001 - Fundargerðir Jeratúns ehf.**
Lagðar fram fundargerðir hlutahafafunda Jeratúns ehf. frá ágúst og september sl.
- 8. 2101043 - Fundargerðir stjórnar byggðasamlags um rekstur félags- og skólaþjónustu Snæfellinga**
Lögð fram 123. fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
- 9. 2109005 - Haustþing SSV 2021**
Lögð fram fundargerð Haustþings SSV 2021 var haldið í Árbliki í miðvikudaginn 10.

nóvember.

Þar voru m.a. saman komnir fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi, starfsfólk SSV, Þórdís KolbrúnR. Gylfadóttir, ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, Bjarni Júlíusson fyrir hönd IceFuel, Einar Mathiesen framkvæmdastjóri vindorku og jarðvarmasviðs hjá Landsvirkjun og Gnýr Guðmundsson, verkefnisstjóri hjá Landsneti.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Lárus Ástmar Hannesson, Jakob Björgvin Jakobsson og Erla Friðriksdóttir sóttu fundinn fyrir hönd Stykkishólmsbæjar. Þema fundarins voru orkumál.

10. 2111015 - Starfsleyfi urðunarstaðar Stykkishólmsbæjar við Ögursveg

Lagt fram starfsleyfi sem Umhverfisstofnun veitir Stykkishólmsbæ vegna móttöku og meðhöndlunar úrgangs í landi við Ögursveg. Leyfið gildir til 11. nóvember 2037.

11. 2110024 - Ágóðahlutagreiðsla 2021

Lagt fram erindi frá Brunabótafélagi Íslands þar sem fram kemur að á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ hafi verið samþykkt að áfram muni hluti hagnaðar af starfsemi félagsins vera greiddur út til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

12. 2109023 - Sjávarflöt 6 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð er fram umsókn Jóns Sævars Baldurssonar um leyfi fyrir byggingu bílskúrs við Sjávarflöt 6, sem verður samtengdur núverandi einbýlishúsi. Auk nýs bílskúrs hyggst eigandi einnig breyta núverandi útliti hússins með því að klæða það með báru og breyta jafnframt útliti glugga. Skipulagi innanhúss verður einnig breytt.

Þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið, vísaði byggingarfulltrúi erindinu til afgreiðslu í Skipulags- og byggingarnefnd.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti, á 255. fundi sínum, að grenndarkynna fyrirhuguð áform fyrir eigendum Vallarflatar 3 og 5 of Sjávarflatar 4,5,7 og 8 í samræmi við 44. gr. skipulagslagna nrþ 132/2010.

Bæjarráð staðfesti, á 633. fundi sínum, samþykkt skipulags- og byggingarnefndar að grenndarkynna fyrirhuguð áform fyrir eigendum Vallarflatar 3 og 5 of Sjávarflatar 4,5,7 og 8 í samræmi við 44. gr. skipulagslagna nr. 132/2010 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

13. 2109021 - Austurgata 7 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð er fram umsókn um framkvæmdarleyfi vegna útlistbreytingar á húsi við Aðalgötu 7, Hótel Fransiskus. Útlitsbreytingin fel í skiptingu á klæðningu á turni kapellunnar og efri hæð á suðurhluta byggingarinnar sbr. meðfylgjandi teikningu. Klætt verður með 2mm þykkum PVDF húðuðum álplötum í ljósum lit svipuðum þeim lit sem er á núverandi veggjum hússins.

Skipulags- og byggingarnefnd taldi, á 255. fundi sínum, að um sé að ræða óverulegar breytingar sbr. 2.3.4. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjastofnunar vegna hugsanlegs minjagildis byggingarlistar.

Bæjarráð staðfesti, á 633. fundi sínum, ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar og vísaði umsögn Minjastofnunar til úrvinnslu hjá byggingafulltrúa. Bæjarráð benti á að fyrirhugað er að skipta um klæðningu á Austurgötu 7 og hvatti til þess aðilar gæti samræmis.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar

14. 2111014 - Ábyrgð Stykkishólmsbæjar vegna láns Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Lögð fram tillaga um samþykki Stykkishólmsbæjar um einfalda ábyrgð sveitarfélagsins á lántöku Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. þar sem sveitarfélagið skuldbindur sig til þess að taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Félags og skólaþjónustu Snæfellinga frá Lánasjóði sveitarfélaga í samræmi við bókun 123. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs., ásamt undirritaðri yfirlýsingu Stykkishólmsbæjar og fundargerð 123. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs.

Lögð fram tillaga bæjarráðs að bókun/afgreiðslu.

15. 2004053 - Opnunartími leikskóla milli jóla og nýárs

Bæjarstjórn samþykkti, á 402. fundi sínum, tillögur leikskólastjórnenda um opnanir milli jóla og nýárs, dimbilviku og aðdraganda sumarleyfa.

Lagt er fram bréf leikskólastjóra varðandi aukið jólafrí barna.

Bæjarráð lagði til, á 633. fundi sínum, við bæjarstjórn að samþykkja tillögu Sigrúnar Þórsteinsdóttur leikskólastjóra um opnum leikskólans.

16. 2111007 - Saunatunna í Móvík

Anna Sigríður Gunnarsdóttir og Anna Ingibjörg Hallgrímsdóttir óska eftir leyfi fyrir uppsetningu saunatunnu við bráðabirgðaaðstöðu Sjósuðfélags Stykkishólms sem liggur í landi Stykkishólmsbæjar við Móvík.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti, á 255. fundi sínum, fyrir sitt leyti að veita tímabundið leyfi fyrir saunatunnu við aðstöðu sjósundsfélagsins í Móvík með fyrirvara um athugasemdir byggingarfulltrúa og samþykki bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkti, á 633. fundi sínum, til bráðabirgða að veita leyfi fyrir saunatunnu við aðstöðu sjósundsfélagsins í Móvík. Bæjarráð benti á að þetta svæði er skipulagt íbúðasvæði og staðsetningin verður að vera með samþykki Stykkishólmsbæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar

17. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram til kynningar.

23.11.2021

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.